



RANNSÓKNARSTÖÐ HJARTAVERNDAR

HOLTASMÁRA 1 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 535 1800 • FAX 535 1801

Kópavogi, 6. mars 2018

Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

Frá Hjartavernd ses

Holtasmára 1, 201 Kópavogi

### **Umsögn um mál 202 frá nefndasviði Alþingis**

#### **um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur.**

Hjartavernd hefur fjallað um ofangreint frumvarp til laga um rafsígarettur. Hjartavernd lýsir sig í öllum meginatriðum sammála þessu frumvarpi og þeim rökum sem fram eru færð í greinargerð með frumvarpinu.

Hjartavernd lýsir yfir þungum áhyggjum yfir því að engin lög ná yfir sölu og dreifingu rafsígaretta þar sem heilsufarsleg áhrif af þeim eru með öllu óþekkt. Sérstakt áhyggjuefni er sú staðreynd að rafsígarettur eru markaðsettar gagnvart börnum og gerð að tískuvarningi í þeirra hópi. Hættan á nikótínfíkn af notkun rafsígaretta er raunveruleg. Engin vísindaleg gögn styðja það að árangur af rafsígarettum sé betri en af annari reykleysismeðferð og er því óljóst hvaða þörf er á þeim til viðbótar við þau úrræði sem nú þegar eru fyrir hendi til reykleysismeðferðar. Frumvarpið er í alla staði vel unnið og í samræmi við rammamening WHO um tóbaksvarnir (FCTC) og álit bandaríska landlæknisembættisins.

Lagt er til að við 11. grein e bætist sem liður f:

*„f. Efni sem bragðbætt eru með sælgætis- eða ávaxtabragði“*

Ástæða þessarar viðbótar er sú að rafsígarettur eru leynt og ljóst markaðssettar gagnvart börnum og ungmönnum sem eru sérstaklega viðkvæmur hópur sem ber að vernda gegn ófyrirséðum

heilsuspillandi áhrifum þeirra. Annar tilgangur þessara bragðefna er að vekja þá trú hjá neytandanum að um saklausa og jafnvel heilsusamlega vöru sé að ræða.

Hjartavernd áréttar að Ísland skipar sér í fremstu röð í heiminum meðal þjóða sem hafa náð hvað bestum árangri í tóbaksvörnum. Þar ræður engin tilviljun heldur er um að ræða margra ára markvisst forvarnarstarf. Ísland var fyrsta land í heiminum til að banna tóbaksauglýsingar og hefur nú að mestu innleitt ákvæði rammisamnings WHO FCTC um tóbaksvarnir, nú síðast með reglugerð um bann við tóbaksreykingum á opinberum stöðum árið 2007. Hjá Hjartavernd höfum við verulegar áhyggjur af því að margra ára árangur í tóbaksvörnum glattist verði þetta frumvarp ekki að lögum.

Virðingarfyllst,



Karl Andersen, professor í hjartalækni-fræði við læknadeild HÍ

Formaður stjórnar Hjartaverndar ses